

**Nd.**

**394. Nefndarálit**

[194. mál]

um frv. til 1. um nefnd til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Mál Hafskips hf. og Útvegsbankans hafa verið mjög til umræðu að undanfögnu. Spurningar, sem hefur verið varpað fram, hafa varðað

- (1) hreina viðskiptaþætti,
- (2) siðferði og árekstra hagsmuna í embættisfærslu og stjórnámálum, og
- (3) flokkspólitísk áhrif í bankakerfinu.

Undirritaður telur að Alþingi hafi sérstöku hlutverki að gegna við eftirlit með ríkisstjórn og framkvæmdarvaldi. Í samræmi við þá skoðun er undirritaður einn flutningsmanna að frumvarpi um rannsóknarnefnd Alþingis vegna framangreinds máls.

Rökin, sem hafa verið borin fram gegn þingnefnd, eru aðallega tvenns konar:

Í fyrsta lagi er því haldið fram að Alþingi tengist málinu þegar vegna kosninga í bankaráð og setu alþingismanna þar og sé því vanhæft.

Í öðru lagi er því haldið fram að pólitísk uppbot af hálfu þingmanna til að koma höggum á einstaka menn eða flokka muni ónýta störf þingnefndar.

Um fyrri rökin er það að segja að vissulega eru fyrir hendi óheppileg og skaðleg tengsl Alþingis og framkvæmdarvaldsins. Á það hefur Bandalag jafnaðarmanna margsinnis bent.

Undirritaður er engu síður þeirrar skoðunar að Alþingi geti, og raunar eigi, að rannsaka það mál sem hér um ræðir. Vegna tengsla við bankaráðin, jafnskaðleg og röng sem þau eru, er enn meiri ástæða til vandvirkni og varúðar. Þeir, sem hafna rannsóknarnefnd þingsins alfarið vegna tengslanna við bankaráð, hljóta þá að styðja nú og í framtíðinni tillögur um að þingið hætti að kjósa í ráð og stjórnir framkvæmdarvaldsins, þar á meðal bankaráð. Því verður ekki trúað að þeir uni vanhæfni þingsins til rannsóknar á framferði ríkisstjórna og stofnana þeirra.

Seinni rökin eru athyglisverð, þ.e. að þingið sé vanhæft til að rannsaka málið vegna væntanlegra pólitískra skrípaláta. Morgunblaðið hefur notað þessi rök í Reykjavíkurbréfi og hluti þingmanna virðist sama sinnis. Því er hins vegar ekki hægt að trúa að óreyndu að meiri hl. þingmanna telji sjálfa sig og kollega sína svo óábyrga að þeir valdi ekki rannsóknarverkinu. Slíkt væri í rauninni yfirlýsing um miklu almennara vanhæfi þingsins og mundi einnig ná til almennra löggjafarstarfa. Það er nefnilega ekki hægt að gera minni kröfur til þingsins í löggjafarstarfi sínu en rannsóknarstarfi.

Undirritaður telur að þingið eigi að kjósa rannsóknarnefnd. Það fyrirkomulag rannsókna- ar, sem tillaga er gerð um í þessu frv., er alls ófullnægjandi.

Undirritaður mun greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 19. des. 1985.

Guðmundur Einarsson,  
fundaskr.